



Alþingi
Erindi nr. P 130/553
komudagur 8.12.2003

Reykjavík, 8. desember 2003

Efnahags- og viðskiptanefnd
Pétur H. Blöndal formaður

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar dags. 5. desember sl., þar sem óskað er eftir álitni umhverfisnefndar á umhverfisþætti frumvarps til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald. Álit nefndarinnar sendist yður hér með.

Virðingarfyllst

Eva Margrét Jvardsdóttir
nefndarritari

UMHVERFISNEFND

Umsögn

Umhverfisnefnd hefur borist bréf efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 5. desember sl., þar sem óskað er álits nefndarinnar á umhverfisþætti 400. máls, frumvarps til breytinga á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfissráðuneyti, Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Ólaf Kjartansson frá Úrvinnslusjóði.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að gjaldtöku vegna veiðarfæra verði frestað um eitt ár en samhliða eru lagðar til breytingar á lögnum þannig að fjallað er um veiðarfæri í 8. gr. sem voru sem úrvinnslugjald er greitt af og tollnúmer þeirra færð í viðauka. Umrætt ákvæði um að taka inn úrvinnslugjald á veiðarfæri var lagt til af umhverfisnefnd á 128. löggjafarþingi þegar frumvarp til laga um úrvinnslugjald, nú lög nr. 162/2002, var til umfjöllunar hjá nefndinni. Einnig er lagt til að álagningu úrvinnslugjalds á pappírs-, pappa- og plastumbúðir verði frestað ótímabundið. Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að það krefjist töluverðs undirbúnings að hefja gjaldtöku af þessum vöruflokkum, m.a. vegna þess hve víða þeir koma fyrir í vöruframleiðslu og innflutningi. Við fyrstu umræðu málsins kom fram hjá fjármálaráðherra að stefnt sé að því að flytja nýtt frumvarp á þessu þingi þar sem þessum vöruflokkum verði bætt við lög. Við umfjöllun málsins í nefndinni kom jafnframt skýrt fram hjá fulltrúum ráðuneytanna og Úrvinnslusjóðs að verið sé að vinna að undirbúningi þess að bæta viðkomandi vöruflokkum í hóp vöruflokka sem úrvinnslugjald er greitt af.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða III þannig að úrvinnslugjaldi á veiðarfæri er frestað um eitt ár en ákvæði sömu greinar um að leggja skuli úrvinnslugjald á pappírs-, pappa- og plastumbúðir er felld brott. Telur nefndin að með því sé frestunin á því að leiða þennan vöruflokk í lög orðin ótímabundin. Nefndin leggur til að þessu verði breytt þar sem hún telur rétt að miðað sé við tiltekinn tímafrest og er lagt til að miðað verði við að úrvinnslugjald verði á lagt á þessa vöruflokka frá 1. janúar 2005. Jafnframt eru lagðar til lagfæringar á ákvæðinu þar sem óþarfi er að tiltaka í ákvæði til bráðabirgða að leggja skuli úrvinnslugjald á heyrúlluplast frá 1. janúar 2004 því að lög skulu öðlast gildi frá og með þeim tíma og heyrúlluplastið fellur þar undir. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu:

3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða III í lögnum orðast svo:

Leggja skal úrvinnslugjald á veiðarfæri úr gerviefnum og pappírs-, pappa- og plastumbúðir frá 1. janúar 2005.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykktur áliti þessu.

Alþingi, 8. des. 2003.
Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Dagný Jónsdóttir, varaform.

Bryndís Hlökkversdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Gunnar Birgisson.
Mörður Árnason.
Kjartan Ólafsson.